

Félagsmálaráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi: **Félagsmálanefnd Alþingis**  
Sendandi: **félagsmálaráðuneyti**  
Dagsetning: **09.11.2007**  
Málsnúmer: **FEL07010094**  
Bréfalykill: **011-2008**

Efni: Fjárlög 2008.

Á fundi starfsmanna ráðuneytisins með félagsmálanefnd Alþingis þann 31. okt. sl. um frumvarp til fjárukalaga 2007 og til fjárlaga 2008 var óskað eftir að ráðuneytið safnaði saman tilteknum gögnum fyrir félagsmálanefnd.

1. Upplýsingar úr húsnæðiskönnun sem unnin var af Rannsóknarmiðstöð þjóðmála fyrir félagsmálaráðuneyti í október 2007.

Hjálagt fylgir úrdráttur úr þessari könnun.

2. Ráðstöfun á framlagi til átaks í málefnum geðfatlaðra.

Hjálagt fylgir yfirlit sem sýnir framlög til rekstrar átaksins og hvernig þau skiptast milli rekstraraðila

3. Spurt var um ráðstöfun á 250 m.kr. framlagi í frumvarpi til fjárukalaga 2007, sbr. fjárlagalið 07-999-1.59 Til sveitarfélaga sem verða fyrir aflasamdrætti.

Unnið er að mótun tillagna um ráðstöfun þessa fjár í ráðuneytinu og verður samráð haft við Samband íslenskra sveitarfélaga um gerð endanlegra tillagna.

4. Óskað var eftir upplýsingum um útgjöld Fæðingarorlofssjóðs það sem af er árinu.

Útgjöld fyrstu 10 mánuði ársins nema alls 6.628 m.kr. og skiptast þannig; fæðingarorlof - alls 6.235 m.kr. og styrkir til foreldra utan vinnumarkaðar 393 m.kr.

5. Óskað var eftir afritum af samningum ráðuneytisins við Skálatún annars vegar og Sólheima hins vegar.

Þessir samningar og svör við spurningum þeim tengdum munu berast fljótlega

## Þörf fyrir úrræði í húsnæðismálum

Unnið upp úr skýrslu Rannsóknarstöðvar þjóðmál “Húsnæðiskönnun 2007. Húsnæðisaðstæður og greiðsluferfiðleikar í ólíkum þjóðfélagshópum og Greining á þörf fyrir félagslegt húsnæði” sem unnin var fyrir félagsmálaráðuneytið í október 2007.

Meðfylgjandi er greining á þeim hópum sem búa við hvað erfiðastar aðstæður á húsnæðismarkaði. Annars vegar er fjallað um niðurstöður könnunar á þörfinni fyrir félagslegt húsnæði og hins vegar verða greindar niðurstöður úr almennri könnun um aðstæður fólks á húsnæðismarkaði.

### 1. Félagslegt leiguhúsnæði

Fjöldi á biðlistum eftir félagslegu húsnæði, hjá þeim aðilum sem könnunin náði til, var í haust 2.750 manns. Þeir skiptust þannig

- Námsmenn: 1.100 manns
- ÖBÍ: 200 manns
- Sveitarfélögin: 1446

#### 1.1 Biðlistar sveitarfélaganna

Sveitarfélag	Fjöldi á biðlistum	Íbúafjöldi	Fjöldi íbúða	Fjöldi íbúða á 1.000 íbúa	Áform um fjölgun
Reykjavík		116.446		16,9	+
Kópavogur		27.536		11,3	+
Hafnarfjörður		23.674		9,5	+
Garðabær		9.529		2,9	
Mosfellsbær		7.501		4,0	
Seltjarnarnes		4.467		3,1	+
Sveitarfélagið Álftanes		2.278		0	
Reykjanesbær		11.928		20,5	
Akureyri		16.822		15,2	
Akranes		5.955		4,2	
Grindavíkurbær		2.697		6,7	
Sveitarfélagið Árborg		7.280		12,2	
Blönduós bær		892		49,3	
Sveitarfélagið Skagafjörður		4.078		15,9	
Seyðisfjörður		726		11,0	
Fljótisdalur		4.644		6,7	
Dalvíkurbyggð		1.966		30,0	
Húnaþing vestra		1.167		35,1	
Mosfellsbær		7.501		4,0	
Borgarbyggð		3.713		5,9	
Stykkishólmur		1.149		12,2	
Fjarðarbyggð		5.705		12,1	
Sveitarfélagið Garður		1.486		4,7	
Reykholahreppur		251		39,8	+
Mýrdalshreppur		496		18,1	
Sandgerði		1.663		7,2	

Þrátt fyrir langa biðlista í ýmsum sveitarfélögum eru aðeins nokkur sveitarfélög sem áforma fjölgun félagslegra íbúða.

## 1.2 Félagslegar aðstæður fólks á biðlistum ÖBÍ og Sveitarstjórna

Tekjur: Upplýsingar fengust um 1.235 manns af þeim rúmlega 1.600 sem eru á biðlistum.


- Tæplega 70% eða 841 eru með heildartekjur undir 150.000 kr. og
- 298 eru með heildartekjur milli 150.000 og 299.000 kr.
- Hinir eru með hærri tekjur.

Um 700 börn í þeim fjölskyldum sem eru á biðlistum.


Um 5% þeirra sem eru á biðlistum eru útlendingar

Mikill meirihluti þeirra sem eru á biðlistunum eru einhleypir eða einstæðir eða um 90%. Yngra fólk er frekar á biðlistum eftir félagslegu húsnæði eins og sést á mynd 2. Stærsti hópurinn er á aldrinum 25-34 ára en einnig eru margir á aldrinum 35-54 og yngri en 25 ára eins og sjá má á mynd 2. Ef litið er til atvinnuþátttöku þá er stærsti hópurinn á vinnumakaði og nánast jafnmargir eru öryrkjar. Þá eru um 184 atvinnulausir. Þetta er sýnt á mynd 3.


Rétt er að minna á að ekki fengust persónulegar upplýsingar um alla á biðlistunum en ef horft er til myndar 4 sést að flestir þeirra sem eru á biðlistunum leigja á almennum leigumarkaði en nærri 400 manns geta ekki haldið eigið heimili og búa hjá vinum og vandamönnum.




Mynd 1. Fjölskyldugerð fólks á biðlistum



Mynd 2. Aldur fólks á biðlistum



Mynd 3. Atvinnuþátttaka fólks á biðlistum



Mynd 4. Húsnæðisaðstæður fólks á biðlistum

## 2. Könnun á aðstæðum fólks á húsnæðismarkaði

Í könnuninni var gerð sérstök greining á þeim sem hyggjast kaupa íbúða á næstunni og reynt að greina þá hópa sem eru hvað erfiðustum aðstæðum á húsnæðismarkaði

### 2.1 Fyrstu íbúðar kaupendur

#### *Hafa reynt kaup en fallið frá því*

Samkvæmt könnuninni hafa um 7000 manns reynt að kaupa íbúð á síðustu árunum en horfið frá því. Meirihluti þessa hóps er fólk á aldrinum 30-39 ára, þör á höfuðborgarsvæðinu. Flestir (32%) eru með ráðstöfunartekjur á bilinu 151-250 þúsund, 9% hópsins eru með lægri tekjur en hinir eru tekjuhærri.

#### *Kaupáform*

Um þriðjungur þeirra sem ekki búa í eigin húsnæði hyggur á kaup á næstu misserum eða tæplega 16.000 manns. “Kaupáform eru mest hjá aldurshópnum 30-39, hjónum og sambúðarfólki, barnmörgu fólki og fólki sem býr þröngt miðað við þarfi fjölskyldunnar. Þá er athyglisvert að beint samband er milli áforma um húsnæðiskaup og ráðstöfunartekna fjölskyldunnar. Því hærrí sem tekjurnar eru þeim meiri eru áformin um húsnæðiskaup. Einungis mjög lítil hluti fólksins í lægsta tekjuhópnum hyggur á kaup og um 30% þeirra sem eru með tekjur á bilinu 151 til 350 þúsund. Kaupmáttur virðist því vera nokkuð augljós þáttur í ákvörðunum um húsnæðiskaup og jafnframt ráða miklu um það hvort af kaupum verður.”

#### *Eigið fé*

Í könnunni var spurt hvort fólk myndi eiga erfitt með að leggja fram eigin fé. Þarna eru allir spurðir sem eru ekki í eigin húsnæði en ekki einungis þeir sem hyggja á kaup á næstunni. Eins

og við mátti búast eru margir í erfiðleikum með að leggja fram eigið fé. Þó er ríflega fjórðungur sem getur lagt fram á bilinu 1 til 2 milljónir.

### ***Afborganir***

Þá er spurt hvort fólk muni eiga erfitt með að greiða afborganir og hér eru svörin sömu annmörkum háð. Um 60% þeirra sem ekki eru í eigin húsnæðis telja sig ekki geta staðið undir afborgunum húsnæðislán. Flestir sem telja að afborganir mundu reynast þeim erfitt eru úr yngsta og elsta aldurshópnum, eru með ráðstöfunartekjur undir 350 þúsund, flestir eru barnlausir eða með þrjú börn eða fleiri á heimili.

## **2.2 Greiðsluerfiðleikar**

### ***Húsnæðiskostnaður***

Um 4,3% í könnunni sögðust hafa mjög mikinn húsnæðiskostnað. Það jafngildir um 9.000 manns. Svo voru um 14% sem sögðu hann frekar mikinn. Ekki virðist munur á þessu eftir því hvort fólk er í leigu eða eigin húsnæði.

### ***Almenn útgjöld***

Tæplega 12% svarenda sögðust hafa átt í erfiðleikum með að greiða hin venjubundnu útgjöld af og til eða oft. Þetta jafngildir um 25.000 manns.

## **2.3 Einstæðir foreldrar**

Einstæðir foreldrar skera sig úr hvað varðar húsnæðiskostnað. Mun algengara er að húsnæðiskostnaður þeirra sé mjög eða frekar mikill, þ.e. 39% á móti 19% almennt. Varðandi útgjöld almennt eiga 40% einstæðra foreldra oft eða stund erfitt með að greiða þau á móts við 12% ef litið er til allra sem tóku þátt í könnuninni.

## **2.4 Lágtekjufólk**

Í skýrslunni eru greiðsluerfiðleikar lágtekjufólks bornir saman við heildina. Eins og við mátti búast eru þeir mun meiri hjá fólki í lægri tekjuhópum. Um 30% lágtekjufólks telur húsnæðiskostnað sinn mikinn og u.þ.b. sama hlutfall lendir í oft eða af og til í vandræðum með að greiða fyrir venjuleg útgjöld.

Meginniðurstöður um greiðsluerfiðleika:

“Það virðist ljóst að mjög eða frekar mikill húsnæðiskostnaður snertir tæp 20% fólks 18 ára og eldra, eða nærri 40.000 manns á landinu öllu. Greiðsluerfiðleikar vegna hinna venjulegu útgjalda fjölskyldunnar eru oft nátengdir miklum húsnæðiskostnaði. Tæplega 12% fólks 18 ára og eldra býr oft eða af og til við slíka greiðsluerfiðleika, eða nálæt 25.000 manns, sem er ekki fjarri þeim fjölda sem Hagstofa Íslands taldi vera undir lágtekjumörkum (fátækramörkum) árið 2004

Einstæðir foreldrar eru í mun meiri mæli en flestir þjóðfélagshópar með mikinn húsnæðiskostnað miðað við tekjur og einnig mun oftar í greiðsluerfiðleikum. Ungt fólk, barnafólk og fólk í lægri tekjuhópnum er einnig oftar en aðrir í greiðsluerfiðleikum, of vegna mikils húsnæðiskostnaðar.”

**Átak í málefnum geöfatlaðra - rekstur**

	2006	2007	2008
<b>Fjárlög Rekstur</b>			
Árleg aukning		150,0	175,0
Millifært frá LSH	20,0	98,0	
Frá LSH-einstkl			
<b>Alls</b>	<b>20,0</b>	<b>248,0</b>	<b>175,0</b>

**Ráðstöfun**

<b>Verkefnisstjórn</b>	<b>16,7</b>	<b>22,0</b>	<b>15,0</b>
<b>Svæðisskrifstofa Reykjavíkur</b>	<b>20,0</b>	<b>120,3</b>	<b>172,8</b>
Flókagata	20,0	65,0	65,0
Sambylið Esjugrund		30,8	30,8
Lindargata		17,0	32,0
Hverfisgata 125		7,5	45,0
Skipholt			
<b>Velferðarsvið Rvíkur</b>		<b>5,0</b>	<b>15,0</b>
<b>Svæðisskrifstofa Reykjaness</b>		<b>8,0</b>	<b>60,0</b>
Seljudalur, Reykjanesbær		8,0	30,0
Hverfisgata Hf			30,0
<b>Svæðisskrifstofa Vesturlands</b>		<b>3,0</b>	<b>7,5</b>
<b>Svæðisskrifstofa Vestfjarða</b>	<b>2,5</b>	<b>14,8</b>	<b>14,8</b>
<b>Svæðisskrifstofa Austurlands</b>		<b>8,5</b>	<b>5,0</b>
<b>Svæðisskrifstofa Suðurlands</b>		<b>2,5</b>	<b>15,0</b>
Byggðasamlag Nl. vestra			
Akureyri		12,0	16,0
Norðurþing		8,5	15,2
<b>Höfn Hornafirði</b>			
<b>Vestmannaeyjar</b>			
<b>AE-starfsendurhæfing</b>		<b>14,1</b>	<b>14,1</b>
Skuldbindingar 2006, til greiðslu 2007/2008		39,2	9,9
Ráðstafað 2007		<b>257,9</b>	<b>360,3</b>